

# Lög og reglur **fvb**

## Samskipta- og agareglur **fvb**

### Almenn ákvæði

#### 1. gr

##### 1.1

Eftirfarandi samskipta- og agareglur, sem eru hluti af lögum Félags viðurkenndra bókara (**fvb**) gilda fyrir félagsmenn **fvb** og fyrirtæki þeirra. Markmið reglnanna eru sem hér segir:

- a) Að stuðla að heiðarlegum og hreinskiptum samskiptum félagsmanna **fvb**.
- b) Að stuðla að því að félagsmenn **fvb** vinni störf sín af fagmennsku, kostgæfni og samvirkusemi.
- c) Að stuðla að góðu orðspori félagsmanna **fvb**.

#### 2. gr

##### 2.1

Sérhver félagsmaður **fvb** skal vinna öll sín verk í samræmi við þessar samskipta- og agareglur og þær almennu starfsreglur sem hæfir og samvirkusamir félagsmenn **fvb** fara eftir á hverjum tíma.

##### 2.1 Tillaga að breytingu.

Félagsmaður **fvb** skal vinna öll sín verk í samræmi við þessar samskipta- og agareglur.

##### 2.2

Það er skylda hvers félagsmanns **fvb** að leitast við að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfa félagsmanna **fvb** á hverjum tíma.

- a) Félagsmaður **fvb** skal í hvívetna halda lög og reglur sem að starfi hans og framkvæmd þess lúta.
- b) Félagsmaður **fvb** skal vinna verk sín í samræmi við góða bókhalds- skoðunar- og reikningskilavenju eftir því sem við á.

##### b) Tillaga að breytingu.

b) Félagsmaður **fvb** skal vinna verk sín í samræmi við góða bókhalds- og reikningskilavenju.

- c) Félagsmaður **fvb** skal vera hreinskilinn og heiðarlegur í starfi sínu og gæta réttisýni og hlutlægni í umsögnum sínum.

d) Félagsmaður **fvb** skal gæta þagmælsku um það er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara og láta það ekki þriðja aðila í té án sérstaks leyfis nema honum sé það skylt lögum samkvæmt.

e) Félagsmaður **fvb** skal vinna starf sitt í samræmi við þær reglur og staðla sem stjórnvöld og/eða félagið setja starfinu hverju sinni.

f) Félagsmanni **fvb** ber að viðhalda faglegri hæfni sinni og taka aðeins að sér þau störf sem hann eða fyrirtæki hans getur búist við að geta leyst á faglegan hátt.

g) Félagsmaður **fvb** skal gæta heiðurs félagsins og forðast að gera nokkuð það sem getur skaðað álit annara á því.

### Samskipti innan félagsins

#### 3. gr

##### 3.1

Óheimilt skal félagsmanni **fvb** að eiga frumkvæði að því að gengið sé á hlut annars félagsmanns.

#### 4. gr

##### 4.1

Félagsmaður **fvb** má einungis gagnrýna störf annars félagsmanns **fvb** á málefnalegum grundvelli og skal forðast að valda honum álitsspjöllum umfram það sem málefnið gefur ástæðu til.

#### 5. gr

##### 5.1

Sé félagsmaður **fvb** beðinn um að taka að sér sérstakt verkefni hjá einstaklingi, félagi eða stofnun sem nýtur þjónustu annars félagsmanns **fvb** sem honum er kunnugt um ber honum áður en verkið er hafið að fullvissa sig um að þeim félagsmanni **fvb** sé kunnugt um að honum hafi verið falið verkefnið.

##### 5.2

Sé til þess mælst við félagamann **fvb** að hann geri tilboð í verk sem til þess tíma hefur verið unnið af öðrum félagsmanna **fvb** skulu útreikningar tilboðsins unnir á viðurkenndan og eðlilegan hátt.

### Tengsl við viðskiptavini

#### 6. gr

##### 6.1

Hafi félagsmaður **fvb** að fyrra bragði samband við einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir sem

Þegar njóta þjónustu annarra félagsmanna **fvb** í því skyni að stofna til viðskiptasambanda skal hann sýna háttvísi í hvívetna og veita réttar og faglegar upplýsingar. Sama á við gagnvart dánarbúi látins félagsmanns **fvb**, þrotabúi gjaldþrota félagsmanns **fvb** eða í hliðstæðum tilvikum.

## Almannatengsl

### 7. gr

#### 7.1

Félagsmenn **fvb** og fyrirtæki þeirra skulu leitast við að láta starfsheiti sitt koma fram í auglýsingum, á skiltum og bréfsefni sínu.

## Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA)

### 8. gr

#### 8.1

Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA) skal kosin á aðalfundi félagsins og skipuð 3 mönnum og 2 til vara. Nefndin skiptir með sér verkum.

Formaður **fvb** er eftirlitsmaður nefndarinnar. Nefndarmenn LSA fá 15 endurmenntunareiningar hver fyrir setu sína í nefndinni.

LSA skilar árlegri skýrslu til aðalfundar um málafjölda og afgreiðslu mála.

#### 8.1 Tillaga um breytingu.

Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA) skal kosin á aðalfundi félagsins og skipuð 3 mönnum og 2 til vara. Nefndin skiptir með sér verkum.

Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. 2 ár og kosið um 1 annað árið og 2 hitt.

LSA skilar árlegri skýrslu til aðalfundar um málafjölda og afgreiðslu mála.

#### 8.2

Formaður LSA kallar hana saman og ákveður fundarstað og tíma. Vinna nefndarinnar getur farið fram eftir þeim samskiptaleiðum sem hentugastar þykja hverju sinni.

#### 8.3

Umræður í LSA eru frjálsar og ekki skal skrá fundargerðir.

Kæruákvæði

## 9. gr

### 9.1

Kærur vegna brota á reglum þessum getur sérhver félagsmaður í **fvb** og stjórn **fvb** lagt fram.

### 9.2

Kærur skulu sendar LSA og viðkomandi félagsmanni með sannanlegum hætti og skulu teknar fyrir svo fljótt sem verða má.

### 9.3

Á nefndarfundum skulu nefndarmenn víkja af fundi um mál sem snerta þá sjálfa, maka þeirra, ættingja, þá sem þeir starfa með í félagi eða reka starfsemi með undir sameiginlegu nafni, starfsmenn þeirra, vinnuveitendur, yfirmenn eða nokkra aðra sem störf þeirra hafa bein áhrif á og eiga beinna hagsmuna að gæta.

### 9.4

LSA skal ekki álykta um aðgerðir gegn félagsmanni **fvb** fyrr en hann hefur verið kallaður fyrir nefndina með ábyrgðarbréfi og honum gefinn kostur á að tjá sig um málið eða koma fram andmælum innan 3 vikna frá dagsetningu bréfsins.

### 9.5

LSA skal fyrst reyna sættir með aðilum. Takist það ekki skal nefndin úrskurða um kæruatriði.

Niðurstaða	nefndarinnar	getur	falist	í:
a)		skriflegri		viðvörðun
b)	útstrikun af lista yfir félagsmenn <b>fvb</b>	sbr. 6. grein laga <b>fvb</b>		

Sætti annarhvor aðilinn sig ekki við niðurstöðu getur hann vísað ágreiningi til stjórnar **fvb** innan 3 vikna frá dagsetningu úrskurðar. Stjórnin getur kallað eftir frekari gögnum og tekur málið síðan til úrskurðar og er sú niðurstaða endanleg.

## Breytingar

### 10. gr

#### 10.1

Breytingar á samskipta- og agareglum þessum skal gera á sama hátt og mælt er fyrir um breytingar á lögum **fvb**.

Samþykkt á aðalfundi 6.nóvember 2009.

**Reykjavík, 31.10.2013**

Breytingatillögur eru sendar til allra félagsmanna, rafrænt með aðalfundarboði tveim vikum fyrir aðalfund til kynninga.

Fyrir hönd stjórnar, laga-, samskipta- og aganefndar

*Júlía Björg Sigurbergsdóttir*

*Halldóra Björk Jónsdóttir*

*Magdalena Lára Gestsdóttir*

*Nanna G. Waage Marínósdóttir*

*Dagmar Elín Sigurðardóttir*